

# Hverfisnefnd í Holta og Hlíðahverfi.

Þriðji fundur haldinn í Glerárskóla 9.maí 2006 kl. 20:00.

Mættir voru: Jón Heiðar Daðason  
Magna Guðmundsdóttir  
Valdimar Pálsson  
Helga Aðalgeirsdóttir  
Sigurjón Magnússon  
Jórunn Jóhannesdóttir

Auk þeirra komu góðir gestir sem voru Úlfar Björnsson skólastjóri Glerárskóla og Einar Jóhannesson og Guðríður Friðriksdóttir frá Akureyrarbæ.

## 1. Skólalóð Glerárskóla.

Guðríður og Einar komu með uppkast af skólalóðinni og hugmyndir að því hvernig hún gæti orðið eftir breytingar sem ráðgert er að fari af stað í sumar og ljúki 2007.

Fram kom að hugmyndir væru um að byrja norðan og austan við skólann þ.e. klára undirlag sparkvallar og gera nýtt leiktækjasvæði á þessu ári. Síðan yrði lóðin kláruð ári seinna.

## 2. Aðalskipulag.

Svör við athugasemdum frá Akureyrarbæ hafa borist en ákveðið var að skoða þau betur og ræða síðar.

## 3. Hverfisskoðun.

Í þeim tilgangi að fá umræðu íbúa um hverfið var ákveðið að vera með **Göngudag** í hverfinu miðvikudaginn 7.júní kl. 20:00. Hugmyndin væri að mæta á Bónusbílstæði kl. 20:00 og ganga smá hring undir leiðsögn og enda síðan í kaffi á upphafsreit.

## 4. Lög og verklagsreglur.

Nefndarmenn fengu það "heimaverkefni" að lesa lög t.d. Lunda- og Gerðahverfis. Einnig að koma með punkta á næsta fund vegna verklagsreglna.

## 5. Önnur mál.

- \* Kvartanir íbúa vegna þungaumferðar voru ræddar án eiginlegrar afgreiðslu.
- \* Næsti fundur verður þriðjudaginn 6.júní kl. 20:00

Fundi slitið seint og um síðir.